

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

Breyting á deiliskipulagi Arnarness, Þernunes 6.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á deiliskipulaginu Arnarness sem samþykkt var í bæjarstjórn í júlí 1961. Breytingin telst óverulegar sbr. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og varðar lóðina Þernunes 6.

Breytingin felur í sér stækkun byggingarreits. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann 3. maí 2007.

Breyting á deiliskipulagi Hraunsholts eystra (Fitjar – Hólar), Lækjarfit 17.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi Hraunsholt eystra (Fitjar – Hólar) sem samþykkt var af bæjarstjórn þann 7. september 2006. Breytingin telst óveruleg sbr. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og varðar lóð nr. 17 við Lækjarfit.

Breytingin felst í að byggingarreitur stækkar og lögum hans breytist. Einnig breytist lega bílastæða innan lóðarinnar. Breytingin var samþykkt í bæjarráði Garðabæjar þann 17. júlí 2007.

Breyting á deiliskipulagi Molduhrauns, Suðurhraun 3.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi Molduhrauns sem samþykkt var af bæjarstjórn í ágúst 1997. Breytingin telst óveruleg sbr. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og varðar lóð nr. 3 við Suðurhraun.

Breytingin felst í stækkun byggingarreits vegna fyrirhugaðrar viðbyggingar. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann 25. maí 2007.

Breytingar þessar taka hér með gildi.

Garðabæ, 21. september 2007.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 24. september 2007